

AÐSENDAR GREINAR

ir, enda þótt þessi mikilsverðu sannindi um áðurgreinda 4. gr. laga um stjórnskipun fiskveiða hafi hrokkið úr penna hans.

Ekki þarf að athuga umrædd ákvæði lengi til þess að sjá hvað skákar greininni svo greinilega í andstöðu við ákvæði stjórnskránnar, og að lögin fá ekki staðist. Það er nefnilega hið víðtæka vald, sem einkum felst í orðum þeirra setninga, sem byrja með því að segja: „Ráðherra getur“ o.s.frv.

Engum, sem les þessa lagagrein dylst, að greinin er beinlínis ofhlaðin ómálefnalegum orðum og þar með merkingarlaus að öðru leyti en því, að hún felur í sér valdaframsal langt umfram það, sem stjórnskráin leyfir.

Eins og Hæstiréttur Íslands er nú skipaður og með þeirri löggjöf, sem á síðustu árum hefur verið leidd í lög, má ganga út frá því sem gefnu að Hæstiréttur myndi einfaldlega dæma þessi lög ólögmæt. Auknar kröfur um heiðarlega og löglega stjórnarhætti, sem hafa góðu heilli farið vaxandi með þjóðinni í kjölfar áðurnefndra lagabóta, gera Hæstarétti auðveldar fyrir en áður í því að segja Alþingi til í lögjafarstarfi með dómum sínum.

Veita ber sérstaklega athygli þeim orðum prófessors Sigurðar Línal: „Að illkleift sé að hrófla við því efni (búmarkinu) eftir jafn langan tíma og liðinn er.“

Augljóst má vera, að slík röksemdafærsla eða „logik“ sæmir ekki háskólaprófessor. Ólög, sem staðið hafa rúman áratug, verða ekki lögleg, þótt þau hafi náð þeim aldri.


Sú spurning brennur nú heitast hversu lengi á að dragast að þessi glóruleisu ólög verði borin undir Hæstarétt Íslands.

Höfundur er lögmaður.

SKODANASKIPTI geta tekið nokkurn tíma á yfirfullum síðum Morgunblaðsins. Til að lesendur haldi þræði er upprifjun því stundum nauðsynleg og svo er nú:

Hinn 1. mars skrifaði Sigurjón Baldur Hafsteinsson greinina Glansmyndir fyrr og nú sem meðal annars mátti skilja svo að Íslendingar hefðu alla sína tíð verið að búa til um sig godsagnir og glansmyndir. Til mótvægis hrósaði hann þáttum Baldurs Hermannssonar Þjóð í hlekkjum hugarfarsins. Hinn 14. mars skrifaði ég greinina Godsögn um glansmynd og spurði hvar væri að finna glansmyndir af íslensku þjóðinni frá 1300 til 1900. Auk þess benti ég á lélega sagnfræði Baldurs. Hinn 21. mars skrifaði Sigurjón greinina Godsögn sem réttlætning og kveðst ekki hafa átt við glansmyndir frá fyrri öldum, heldur í samtímanum. Með því var spurningu minni í rauninni svarað.

Hinn 9. apríl sendi Baldur mér nokkur hjartnæm blessunarorð sem engu er við að bæta. En söguskýringar hans fá sömu einkunn og áður. Daginn eftir birti svo Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson greinina Pirringur dansks blaðamanns þar sem hann tekur undir ýmislegt í greinum Sigurjóns, auk þess sem hann ítrekar gamalkunna og rótgróna andúð sína á ýmsu því sem mörgum Íslendingum er kært.



Árni Björnsson

Enda þótt Sigurjón hafi þegar svarað upphaflegri spurningu minni, vil ég gjarnan spyrja hann um fleira því ég tel að hér sé ekki ómerkilegt mál á ferðinni og við hann megja ræða á vitrænum nótum. Gallinn er sá að hann hefur ekki ennþá sett mál sitt allveg nógu skýrt fram. Ég held það sé affarsælla að spyrja beint, heldur en vera með getgátur, jafnvel þótt Vilhjálmur kalli það „hlekkjuð viðbrögð“.

gamla skólans“ að leita svara, sem ég kalla blátt áfram heilbrigða skynsemi. Rýmis vegna verður samt að láta fáar spurningar nægja í einu.

Mér er ráðlagt að horfa meira á sjónvarp til að sjá glansmyndir Íslendinga af sjálfum sér, ekki sist auglýsingar. Það þyrfti reyndar helst að borga mér bankastjórakaup fyrir að horfa á auglýsingar. Engu að síður spyr ég:

- 1) Sýna eða skapa auglýsingar fyrir tækja sjálfsmýnd þjóðar?
- 2) Eru meðal heimildamynda taldar áróðursmyndir ætlaðar ferðafólki? Gerir ekki ferðaþjónusta allra landa slíkar myndir með gróðavæntingum í huga? Auglýsa Grikkir til dæmis rykið í Apenu?
- 3) Hvaða aðrar myndir hafa einkum sýnt glansmynd af þjóðinni?
- 4) Það er vissulega íhugunarverð tilgáta að glansmyndir „þjóni hlutverki réttlætningar á

Tjáum okkur skýrt

Er yfirleitt til, spyr
Árni Björnsson, einhver einhlít sjálfsmýnd þjóðarinnar?

óbreyttri sjálfsmýnd“. Væri hægt að sjá dæmi um þetta, íslensk eða erlend?

5) Hvar hefur sú hugmynd verið viðruð að Íslendingar væru öðrum þjóðum hæfari sem leiðtogar á alþjóðavettvangi?

Nú er þess að geta að margt annað birtist um land og þjóð í sjónvarpi, ekki sist í fréttum sem aðrir en börn horfa þó meira á en auglýsingar og heimildarmyndir. Og þar er ekki allt fagurt að sjá og heyra:

Landið er stöðugt að fjúka burt og landsmenn ganga illa um það. Sveitir landsins fara unnvörpum í eyði. Sjávarútvegur er sífellt í þann veginn að eyða fiskstofnunum. Spilling fer vaxandi í rekstri fyrir-tækja. Kunnáttu í móðurmálinu hrakar, ekki sist meðal langskólagenginna. Menn þekkja upp til hópa mun betur útlendar teiknisögur og kvikmyndahetjur en Íslendingasögur. Kvartað er um hrakandi þjónustu í heilbrigðis- og menntamálum. Í vöxt fer fíkniefnavandi og ofbeldi innan heimilis og utan. Ráðherrar, alþingismenn, kirkjunnar þjónar og verkálýðsforingjar kvarta sáran undan því að almenningur beri takmarkaða virðingu fyrir þeim.

Skyldu þessar daglegu fréttir eiga minni þátt í að skapa þjóðinni sjálfsmýnd en rómantískar auglýs-

ingar og „heimildarmyndir“. Og er yfirleitt til einhver einhlít sjálfsmýnd þjóðarinnar? Á að taka mark á þeirri fullyrðingu Vilhjálm, að úr því þjóðin mótmæli ekki glansmyndum auglýsenda í sjónvarpi, þá hljóti þær að vera sjálfsmýnd hennar? Fer þetta ekki nokkuð eftir sálarástandi hvers og eins? Það er alltj-ent að miklu leyti sálrænt atriði hvort mönnum finnst veðrið vont eða gott.

Sumum finnst raunar alltof mik- ið um neikvæðar fréttir. Það virðist þó fara enn meira í taugarnar á öðrum, ef einhver lætur í ljósi að sér þyki vænt um landið sitt og hafi unun af að kynnast því eða hafi gaman af móðurmáli sínu og öðrum menningararfi þjóðarinnar. Þá er hann óðar sakaður um þjóðrembu. Fyrsta desember 1995 hélt Matthías Johannessen ritstjóri há- tíðarræðu á stofnfundi hollvínasam- taka Háskólans. Hann ræddi þar einkum um íslenskan menningararf og þá gæfu sem Íslendingar hefðu borið til að velja góð áhrif úr er- lendri menningu þótt varast bæri að láta hana gleypa sig.

Ekki leið á löngu áður en birtist blaðagrein þar sem Matthías var úthúðað fyrir þjóðrembu. (Alþýðu- blaðið 30. jan. og 1. feb. 1996). Getur einhver útskýrt fyrir mér orsakir þvilkra ofurviðkvæmni?

Höfundur er þjóðháttaræðingur.

PCI lím og fúguefni

Flísabúðin

Stórhöfða 17, við Gullinbrú, sími 567 4844

Við val á salernispappír hættir okkur um of til

að láta verðið ráða kaupunum. Það er oftast á

kostnað þægind-

anna því þegar

upp er staðið

snýst málið um gæði.

Lotus er þægilegur og endingargóður salernis-

pappír. Hann er mýkri og sterkari en aðrar

óðýrari tegundir og er því drýgri fyrir vikið.



Prófaðu Lotus –

þú finnur muninn á endanum!



...til enda!